

Nd.

189. Frumvarp til laga

[134. mál]

um breyting á lögum nr. 49 1974, um lífeyrissjóð sjómanna.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Ólafur G. Einarsson, Garðar Sigurðsson,
Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. mgr. 7. gr. laganna orðist svo:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum tryggðum með veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti. Þegar um er að ræða veðtryggingu í fasteignum er skylt að veðtryggingin sé innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar, eins og það er á hverjum tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Hinn 29. apríl 1977 var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um endurskoðun lánareglna Lífeyrissjóðs sjómanna „til þess að þær verði ekki óhagstæðari en um er að ræða hjá lífeyrissjóðum í Sambandi almennra lífeyrissjóða“. Er þetta frv. flutt til að koma á móti vilja Alþingis í þessu efni.

Breytingin, skv. þessu frumvarpi, frá núgildandi 1. mgr. 7. gr. laganna um Lífeyrissjóð sjómanna er í því fólgin, að skv. frumvarpinu er heimilt að ávaxta fé sjóðsins með skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé veðtryggingin innan við 50 hundraðshluta af brunabótamati viðkomandi fasteignar.

Skv. núgildandi ákvæðum er kveðið á um, að skylt sé að tryggt sé með 1. veðrétti í fasteignum, en það hefur haft í för með sér óþægindi fyrir félagi sjóðsins. Hafa þeir þurft m. a. að afla sér ríkisábyrgðar, ef önnur lán eru tryggt með 1. veðrétti.

Með breytingunni eru ákvæðin færð til samræmis við gildandi reglur í flestum lífeyrissjóðum, og telja verður að ávöxtun sjóðsins sé tryggð, að því er varðar lán með veði í fasteignum, þrátt fyrir þessa rýmkun.

Um þessa breytingu er fullt samkomulag í stjórn sjóðsins og frv. flutt að ósk stjórnarmanna.

Aðrar æskilegar breytingar eru framkvæmanlegar með breytingum á reglugerð um sjóðinn.